

Verkefni 16 og 17– Fylgiskjal 3

Lyfjalausnir – nýr viðskiptavinur

Minnispunktur um félagið.

- Félagið Lyfjalausnir var stofnað á árinu 2008. Fyrirtækið var stofnað af sjö apótekurum og er nú eitt stærsta lyfjaheildsölufyrirtæki landsins. Fyrir fimm árum hóf félagið einnig að framleiða lyf og og sérhæfir sig jafnframt í þróun, framleiðslu og sölu samheitalyfja.
- Unnið er að því að skrá félagið í kauphöll og og hefja markaðssókn á erlenda markaði.
- Forstjóri félagsins er Birgir Ari Jónsson. Hann er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og starfaði sem framkvæmdastjóri Apótekarafélags Íslands. Hann var fenginn til að sitja í stjórn Lyfjalausna á meðan hann gegndi því starfi og þótti standa sig vel. Hann var því fljótlega ráðinn sem framkvæmdastjóri og seinna forstjóri félagsins.
- Fram kom í spjalli við Birgi að framundan séu viss tímamót hjá félaginu. Félagið hyggist sækja meira fjármagn til fjárfesta með skráningu í kauphöll, stækka lyfjaframleiðslusviðið og sækja á erlenda markaði. Stærsti keppinautur félagsins, Beta, fór illa út úr hruninu og var félagið selt til erlendra aðila. Í framhaldinu hafa margir færir starfsmenn Beta misst vinnuna. Lyfjalausnir hafa nú þegar ráðið hluta þessara starfsmanna og hyggjast ráða enn fleiri. Þá hafa Lyfjalausnir einnig fest kaup á fasteignum og vélasamstæðum, sem voru í eigu Beta, á sanngjörnu verði. Þessi kaup fóru fram sumarið 2019.
- Starfsmenn voru 65 þann 30. júní 2019. Veltan á árinu 2018 var 2,2 milljarðar króna og hagnaður ársins rúmlega 82 milljónir. Ársreikningur félagsins fyrir rekstrarárið 2018 var gerður í samræmi við ársreikningalög. Samkvæmt upplýsingum frá forstjóranum leggur hann áherslu á að ársreikningur 2019 verði gerður samkvæmt IFRS. Þá vill hann einnig breyta starfrækslugjaldmiðli félagsins í leiðinni og gera upp í evrum. Núverandi endurskoðandi félagsins hefur tekið fálega í það og er það meðal annars ástæðan fyrir því að stjórnarformaður félagsins hóf viðræður við GlobalAudit um að taka félagið að sér í endurskoðun.
- Í framkvæmdastjórn sitja sex starfsmenn fyrir utan forstjóran og stýra eftirfarandi sviðum: Viðskiptaþróunarsvið, Fjármál, Framleiðsla, Gæðamál, Rannsóknir og þróun og Upplýsingatæknisvið.
- Framkvæmdastjóri Fjármála (fjármálastjórinn) var ráðinn sumarið 2019. Hann er 24 ára og hefur nýlokið BS gráðu í viðskiptafræði. Fyrri fjármálastjóri þurfti að hætta af persónulegum ástæðum. Heyrst hefur að hann hafi lent í útistöðum við forstjóran. Talsverðar breytingar hafa verið á fjármálasviðinu síðastliðin ár og er nú ungt og efnilegt fólk á sviðinu.

- Á árinu 2019 hófst innleiðing á nýju fjárhagskerfi og hefur sú innleiðing gengið seint. Félagið hefur frá stofnun notað eldra kerfi sem hefur verið sérstaklega aðlagað að félaginu og hefur reynst vel, sérstaklega hlutar kerfisins sem snúa að pöntunum og framleiðslukerfi. Talsverð vinna virðist vera eftir að aðlaga nýja kerfið að þörfum félagsins og var fyrri fjármálastjóri mikið inn í þeirri vinnu en náði ekki að ljúka henni áður en hann fór. Nýja kerfið er ekki alltaf að ná réttum upplýsingum úr birgða- og framleiðslukerfinu og kostnaðarreikningar skila sér ekki alltaf. Þá eru skýrslur úr kerfinu ekki rétt tengdar og skila því ekki réttum upplýsingum.
- Núverandi fjármálastjóri og framkvæmdastjóri Upplýsingatækni hafa mikinn áhuga á sjálfvirkni og hafa starfað með GlobalAudit í að greina ferla og kortleggja hugsanlega róbótavinnu á fjármálasviði og öðrum sviðum félagsins. Þá vilja þeir gjarnan fá aðstoð við að ljúka innleiðingarvinnunni á fjárhagskerfinu.
- Í samtali við stjórnarformann kom fram að Lyfjalausnir vilji skipta um endurskoðanda fyrir áramót 2019. Fyrir liggur að félagið muni stækka umtalsvert á næstu árum og ætli að sækja á erlenda markaði. Því telur stjórnarformaðurinn og öll stjórnin að það sé nauðsynlegt fyrir Lyfjalausnir að eiga viðskipti við alþjóðlega endurskoðunarstofu. Félagið væri líka að leita að endurskoðunarstofu sem gæti aðstoðað það í upplýsingatæknimálum og ferlagreiningum eins og áður hefur komið fram. Það kom fram í máli stjórnarformannsins að núverandi endurskoðandi virtist ekki alltaf skilja starfsemi félagsins og þá sérstaklega ekki þann hluta sem snýr að rannsóknar- og þróunarstarfsemi. Endurskoðandinn hafi meira segja hóttað því að setja fram áritun með fyrirvara í vor út af „einhverju óskiljanlegu“ en sem betur fer tókst að afstýra því að sögn stjórnarformannsins. Stjórnarformaðurinn sagði jafnframt um endurskoðandann: „Og ekki voru þeir ódýrir.“